



Áveitan

8. tbl. 12. árgangur. Ágúst 2018

Sá ég spóa suðr í Flóa

Útivistarverkefni Umf. Þjótanda sumarið 2018 hefur heldur betur slegið í gegn og lítur út fyrir að þátttakendur í júlí hafið verið hátt í 100 talsins. Verkefnið heldur áfram í ágúst og líkur formlega þann 1. september þegar dregnir verða út vinningshafar úr hópi þeirra sem skrifað hafa í amk. 5 gestabækur. Til upprifjunar birtum við hér aftur í blaðinu leiðalýsingar á staðina sex.

Með von um áframhaldandi góða þátttöku.

Stjórn Umf. Þjótanda

Íþróttæfingum senn að ljúka

Nú eru tvær íþróttæfingar eftir hjá Umf. Þjótanda í sumar. Sunna Skeggjadóttir hefur stýrt æfingunum á hverju fimmtudagskvöldi síðan í júní. 9. ágúst verður æfing í Félagslundi og 16. ágúst verður svo lokaæfingin í Þjórsárverri. Krakkar mætum vel.

Íþróttanefnd

Flóamótið verður haldið föstudaginn 31. ágúst en það er

frjálsíþróttamót fyrir nemendur í Flóaskóla.

Mótið verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Íbúar í Flóahreppi og nágrenni! Takið laugardagskvöldið 6. október frá. Ball í Félagslundi og öll sveitin mætir eins og á Kornskurðarböllunum í gamla daga.

Umf. Þjótandi

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo@emax.is	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Fundur um þjóðgarð á hálendinu 27. ágúst í Árnesi

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið boðar til fundar um þjóðgarð á miðhálandi Íslands í Félagsheimilinu Árnesi mánudaginn 27 ágúst. Kl 18:00.

Formaður miðhálandisnefndar Óli Halldórsson kynnir verkefni nefndarinnar og fer yfir tímarás verkefnisins. Að framsögu hans lokinni mun hann leitast við að svara fyrirspurnum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Flóaskóli – skólasetning 22. ágúst



Flóaskóli verður settur miðvikudaginn 22. ágúst. Nemendur mæta í Þjósárver kl. 11.00 og halda að því að loknu með umsjónarkennara í bekkjarstofu. Formlegt skólahlald hefst samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 23. ágúst. Nemendur í 1. bekk verða boðaðir ásamt foreldrum sínum í viðtal hjá umsjónarkennara þriðjudaginn 21. ágúst.

Skólavistun fyrir nemendur í 1. – 4. bekk opnar mánuudaginn 13. ágúst og er hún opin alla daga fram að skóla kl. 7:45 – 16:30. Foreldrar sem óska eftir vistun fyrir barn sitt/börn sín þá daga hafi samband við Ósk, netfang: osk@floaskoli.is.

Skólaakstur hefst 23. ágúst.

Foreldrar eru hvattir til að mæta með börnum sínum á skólasetningu.
Skólastjóri

UPPSKRIFTARHORNID

Takk kærlega fyrir áskorunina Sturla, þið fjölskyldan fáið boð í mat fljótlega ☺

Þar sem að ég fékk áskorun frá bónda sem ræktar bæði gulrætur og naut þá finnst mér tilvalið að deila með ykkur uppskrift sem innheldur bæði nautagúllas og gulrætur. Þetta er súpa sem ég skellti einhvern tímann saman úr því sem ég átti til í ísskápnum hjá mér og vakti hún mikla lukku hjá fjölskyldunni og hefur verið elduð hér í Árprýði reglulega síðan.

Gúlassúpa

Hvítlauxrif 2-3 stk.

Salt og pipar

Nautagúllas ca. 500 gr.

Gulrætur 3-4 stk.

Laukur 1 stk.

Rauð paprika 1 stk.

Rauðvín ca. 1-2 dl

Fláðir tómatar 1 dós

Tómatpúrra 1 dós

Sweet chili sósa 1 dl. eða eftir smekk

Vatn ca 3-4 dl. (fer eftir magni af rauðvíni og sósumagni)

Aðferð

Smjörsteikið gúllas og lokið kjötinu, leyfið því svo hvíla. Skerið niður lauk, papriku og gulrætur og smjörsteikið. Blandið gúllasinu og grænmetinu saman í pott og rífið hvítlaukinn út í og saltið og piprið eftir smekk. Bætið fláðum tómötum, tómatpúrrunni, rauðvíninu, sweet chili sósunni og vatninu út í. Látið malla í minnsta kosti 30 mínútur á meðalhita. Súpan verður betri eftir því sem hún fær að malla lengur. Best finnst mér að bera súpuna fram með nýbökðu brauði eða baguette.

Ég ætla að senda boltann til Örvars svila míns í Forsæti 3. Ég veit að hann lumar á góðri uppskrift, væntanlega af hans víðfræga hveitimorengs.

Sigrún í Árprýði

Sá ég spóa suð'ri Flóa



Hellaskoðun á Haugi

Lagt við Gaulverjabæjarkirkju og genginn vegslóði sem liggur í suðurátt. Farið í gegnum járnhlið og inn í Haugslund. Fljótlega er hægt að fara að svipast um eftir hellinum og póstkassa við hellismunnan. Athugið að fara varlega í kringum og inni í hellinum. Ofan á honum er gat sem litlir einstaklingar gætu mögulega dottið ofaní.

Þeir sem vilja fá lengri göngu geta tekið vegslóðann sem liggur til vinstri eftir að komið er fram hjá kirkjunni og gengið í kringum Bæjarvatn. Leiðin í kringum vatnið er þýfð og yfir tvær girðingar að klofa en skemmtileg engu að síður. Leiðin í kringum vatnið er um 3km löng.

Fjöruferð við Loftstaði

Já það er hægt að anda að sér sjávarseltu í Flóahreppi. Lagt við íbúðarhúsið á Vestri-Loftsstöðum og gengið á Loftstaðahól sem ætti ekki að fara framhjá neinum. Við hólinn finnið þið póstkassa en þeir sem vilja geta gengið lengra út á sandinn og athugað hverju sjórinn hefur skolað á land. **Ath. Á kvöldin er keðja strengd yfir veginn að Loftstaðahól, en samkvæmt landeigendum mega þeir sem eru að taka þátt í útivistarverkefninu ganga framhjá henni.**

Fjallganga að Uppsölum?

Lagt við íbúðarhúsið í Uppsölum (þar býr enginn þessa dagana). Genginn vegslóði til suðvesturs, framhjá litlum skógræktarreit við veg-inn og upp á holt sem kallað er Háaleiti. Þar efst uppi liggja jarðamörk Uppsala og Sölvholts og þar er gott útsýni til allra átta. Hver veit nema þú sjáir Selfoss frá sjónarhorni sem þú hefur aldrei séð áður. Leiðin upp á hæðina er um 600m löng og á Háaleitinu má finna póstkassa.

Hvítáin skoðuð við Einbúa

Lagt við hliðið að Einbúa, gengið meðfram hestagirðingunni og þaðan niður að Hvítá. Gengið meðfram ánni í norðurátt þangað til komið er að klettum

sem kallast Skotaberg. Þar er að finna póstkassa. Athugið því næst hvort þið getið veifað einhverjum í Grímsnesinu áður en þið gangið til baka. Bónusstig fyrir þá sem hlaupa uppá Einbúaklettinn að göngu lokinni!

Fornleifarannsókn við Þjótanda

Bílum lagt rétt áður en kemur að gömlu Þjorsárbrúnni. Gengið niður að á og upp með ánni þangað til þið finnið póstkassa. Þar sem póstkassinn stendur fór fram fornleifauppgröftur árið 2008 þar sem grafinn var upp skáli sem var að hluta til frá landnámsöld.

Skógarferð í Skagás

Ekið í gegnum hliðið og lagt neðan við skógræktina. Gengið upp fyrir þéttasta skóginn. Þar fyrir ofan tekur við yngri skógrækt. Undir þríhyrningslaga kletti er búið að koma fyrir grilli og þar er upplagt að grilla (hafið með ykkur kol og olíu). Frá grillinu sést til póstkassans. Eftir að búið er að skrifa í gestabókina má leika sér í skóginum að vild.

92. Meistaramót Íslands fór fram á Sauðárkróki dagana 14. og 15. júlí. Þar kepptu þrjú ungmenni úr Þjótanda í sameiginlegu liði HSK/Selfoss og stóðu sig mjög vel. Hér er árangurinn þeirra:

Brynjar Jón Brynjarsson	'01	100m hlaup	12,61 sek	37. sæti
		200m hlaup	26,04 sek	20. sæti
		Langstökk	5,47m	17. sæti
Sigurbjörg Eva Sveinbjönsd.	'01	langstökk	3,29m	26. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	'00	Langstökk	5,95m	14. sæti
		Kringlukast	32,72 m	8. sæti
		Spjótkast	46,85 m	6. sæti

Leikjaskvöld unglunga

Nú eru tvö leikjaskvöld fyrir krakka fædda árið 2005 og fyrr eftir í sumar. Næsta sunnudagskvöld 12. ágúst kl 20-21:30 verður leikjaskvöld í Þjorsárveri og sunnudaginn 19. ágúst verður svo það síðasta haldið í Félagslundí. Umsjónarmaður er Stefán Narfi Bjarnason.

Íþróttanefndin

Fleiri úrslit af íþróttamótum

Sjö krakkar úr Umf. Þjótanda ferðuðust til Gautaborgar og kepptu á **Världsungdomsspelen** í frjálsum íþróttum dagana 30. júní til 1. júlí. Ferðin var mikið ævintýri fyrir krakkana og gaman að keppa á alvöru leikvangi í sól og blíðu.

Sigurjón Reynisson	´05	60m hlaup	9,12sek
		200m hlaup	30,19sek
		600m hlaup	1:55,04mín
		1500m hlaup	5:29,45mín
		60m grind	11,57sek
		Langstökk	4,34m
		Þristökk	9,46m
Elías Örn Jónsson	´03	80m hlaup	10,83sek
		300m hlaup	47,89sek
		80m grind	15,90sek
		Langstökk	4,24m
Unnsteinn Reynisson	´03	80m hlaup	10,43sek
		300m hlaup	41,11sek
		80m grind	13,28sek
		300m grind	46,26sek
		Hástökk	1,72m
		Langstökk	5,45m
Sigurbjörg E. Sveinb.	´01	Kringlukast (1kg)	24,37m
		100m hlaup	14,98sek
		200m hlaup	21,62sek
		Langstökk	4,15m
Brynjar Jón Brynjarsson	´01	100m hlaup	12,73sek
		Langstökk	5,31m
		Kúluvarp	10,25m
Hugi Snær Jónsson	´01	100m hlaup	12,79sek
		110m grind	19,31sek
		Langstökk	4,88m
		Kúluvarp (5kg)	7,05m
Stefán Narfi Bjarnason	´00	100m hlaup	12,05m
		Kúluvarp (6kg)	11,51m
		Kringlukast (1,75kg)	35,90m
		Spjótkast (800gr)	50,98m

Meistaramót Umf. Þjótanda var haldið 23. júlí á íþróttavellinum við Þjórsárver. Keppt var í þremur greinum og mótið var stigakeppni. Keppt var um titilinn Þjótandameistari í frjálsum fullorðinna og Þjótandameistari í frjálsum 15 ára og yngri. Sigurvegarar voru Brynjar Jón Brynjarsson í full-orðinsflokki og Unnsteinn Reynisson í flokki 15 ára og yngri. Engar konur mættu til leiks á mótinu.

Langstökk karla

- | | | | |
|----|-------------------------|-----|--------------|
| 1. | Brynjar Jón Brynjarsson | '01 | 3,99m |
| 2. | Dagur Fannar Einarsson | '02 | 5,93m gestur |

Kúluvarp karla (7,26kg)

- | | | | |
|----|-------------------------|-----|--------------|
| 1. | Brynjar Jón Brynjarsson | '01 | 8,48m |
| 1. | Dagur Fannar Einarsson | '02 | 9,22m gestur |

Kringlukast karla (2kg)

- | | | | |
|----|-------------------------|-----|---------------|
| 1. | Brynjar Jón Brynjarsson | '01 | 22,57m |
| 2. | Dagur Fannar Einarsson | '02 | 23,83m gestur |

Langstökk 15 ára og yngri

- | | | | |
|----|-------------------------|-----|--------------|
| 1. | Unnsteinn Reynisson | '03 | 5,01m |
| 2. | Sigurjón Reynisson | '05 | 4,18m |
| 3. | Helgi Reynisson | '08 | 3,69m |
| 4. | Hjálmar Vilhelm Rúnars. | '08 | 3,15m |
| 5. | Rúrik Nikolai Bragin | '05 | 4,12m gestur |

Kúluvarp 15 ára og yngri (4kg)

- | | | | |
|----|----------------------|-----|--------------|
| 1. | Unnsteinn Reynisson | '03 | 8,88m |
| 2. | Sigurjón Reynisson | '05 | 5,10m |
| 3. | Rúrik Nikolai Bragin | '05 | 8,16m gestur |

Kringlukast 15 ára og yngri (1kg)

- | | | | |
|----|---------------------------|-----|---------------|
| 1. | Unnsteinn Reynisson | '03 | 29,91m |
| 2. | Sigurjón Reynisson | '05 | 16,85m |
| 3. | Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | '08 | 12,82m |
| 4. | Rúrik Nikolai Bragin | '05 | 19,71m gestur |



Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Við ætlum að hittast eitt kvöldið í ágúst upp í Skagás og klára grisjun en grisjunin er liður í því að útbúa gönguleiðir um skógræktarsvæðið og virkja það sem útivistarsvæði. Grisjunin er langt komin og mun verkið aðallega felast í að fjarlægja óheppilega staðsettar greinar og snyrta trjástofna þannig að ekki verður um stórtæka framkvæmd að ræða.

Stefnt er á mánudagskvöldið 13. ágúst með þriðjudag og miðvikudag til vara ef veðrið verður ekki til friðs. Hafist verður handa kl 18 og er fólk hvatt til að taka með sér nesti. Einnig væri gott ef fólk tæki með sér verkfæri t.d sagir, góðar klippur og hanska. Nánari tímasetning verður auglýst á facebooksíðu skógræktarfélagsins þegar nær dregur.

Brokk og skokk

Í síðasta tölublaði Áveitunnar var tilkynnt að Brokk og skokk myndi fara fram 9. ágúst en ákveðið var að fella keppnina niður þetta árið. Hún verður vonandi haldin á ný á næsta ári.

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing við Félagslund	9. ágúst
Leikjakvöld við Þjórsárver	12. ágúst
Grisjun í Skagás	13. ágúst
Íþróttæfing við Þjórsárver	16. ágúst
Leikjakvöld við Félagslund	19. ágúst
Skólasetning Flóaskóla	22. ágúst
Fundur um þjóðgarð á hálendinu	27. ágúst
Flóamótið	31. ágúst



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160